

45. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 5. febrúar 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Miðannarpróf verða í byrjun næstu viku, 10.-12. febrúar og námsmat.

Gunnar ræddi einnig forvarnarmál í skólanum, en Þorsteinn Haukur Þorsteinsson kemur mánudaginn 17. febrúar en hann er tollfulltrúi og mun vinna með nemendum í 8.-10. bekk og jafnvel framhaldsdeild, með í för verður fíkniefnafundurinn Bassi.

Starfsdagur verður fimmtudaginn 20. febrúar nk. þar sem miðönn verður gerð upp, að honum loknum verður vetrarfrí. Foreldraviðtöl verða svo mánudaginn 24. febrúar.

Gunnar sagði einnig frá ákvörðun bæjarstjórnar að fara ofan í saumana á rekstrarkostnaði skólanna hér í bænum en skólastjórar skólanna funduðu ásamt Vífli Karlssyni, atvinnuráðgjafa og bæjarstjóra í síðustu viku þar sem farið var af stað með úttektina og lýsti Gunnar ánægju sinni með hana.

Þá svaraði Gunnar framkomnum fyrirspurnum, þar sem m.a. var rætt nánar um úttekt á fræðslumálum.

Rætt um stöðu og rétt nemenda sem þurfa stuðning og greindi Gunnar frá því hvernig það gengur fyrir sig.

b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Greindi hún frá því að uppsagnir á leikskólalássi eru byrjaðar að berast í tengslum við atvinnuuppsagnir foreldra.

Um 78 börn eru nú í leikskólanum.

Föstudaginn 21. febrúar nk. verður starfsdagur, þar sem unnið verður að námskrárgerð.

Foreldraviðtöl verða svo í lok febrúar.

Þorrablót var haldið í leikskólanum, en það er orðinn árviss viðburður.

Nemendaheimsóknir á milli elstu nemenda í leikskólanum og 1. bekkjar grunnskóla hafa einnig verið á þessari miðönn.

Sigrún lýsti einnig ánægju sinni með úttekt á fræðslumálum sem er farin af stað.

Sigrún svaraði framkomnum fyrirspurnum, þar sem m.a. var rætt um úttekt á fræðslumálum, foreldraviðtöl og starfsdaga.

2. Önnur mál.

a) Forföll og leyfi kennara á skólatíma.

Formaður greindi frá því að honum hafi borist erindi um forföll og leyfi kennara á skólatíma, sem t.d. hafa í för með sér aukinn kostnað vegna forfallakennslu og eins að kennsla falli niður þegar ekki fæst forfallakennari. Sagði að verið væri að vinna reglur um þetta og yrðu þær kynntar þegar þær eru klárar. Gunnar greindi frá því að 4 kennarar séu í fjarnámi sem tengist þeirra vinnu sem skýrir hluta af leyfum.

Umræður urðu um þessi mál.

b) Leikskólafulltrúi.

Formaður greindi frá því að hann hafi rætt um starf leikskólafulltrúa við bæjarstjóra en engin niðurstaða sé komin í málið, hvorki af eða á.

c) Gunnar lagði fram tillögu skólans um aðkomu að barnaskólanum við Skólastíg. Tillagan hljóðar upp á staðsetningu gangbrautar við vesturhorn skólans yfir Skólastíg að gangstétt við Dvalarheimili, og nemendum yrði þá hleypt út við suðurenda Dvalarheimilis.

Fræðslunefnd samþykkir tillöguna.

d) Gunnar lagði fram tillögu þess efnis að skipaður verið vinnuhópur til að standa faglega að forvörnum í Stykkishólmi.

Hlutverk vinnuhópsins yrði að vinna að áætlun um forvarnir í Stykkishólmi og myndi hópurinn taka til starfa í upphafi næsta skólaárs.

Miklar umræður urðu um málið.

Sigrún lýsti ánægju sinni með tillögu Gunnars og sagði einnig frá því að Sigprúður frá FSS hefði rætt þessi mál á sameiginlegum fundi leikskólastjóra á Nesinu. Fleiri tóku undir þessi orð og lýstu ánægju sinni með tillöguna. M.a. var rætt um að bíða ekki næsta skólaárs heldur fara af stað strax þar sem framundan eru t.d. sveitaböll í sumar, danskir dagar, verslunarmannahelgi o.fl.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

“Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að komið verið á starfshópi á vegum Stykkishólmsbæjar til að marka stefnu í forvarnarmálum með það að markmiði að koma á fót forvarnarnefnd sem taki formlega til starfa á haustdögum. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum frá eftirtöldum aðilum:

Félagmiðstöð, Æskulýðs- og íþróttanefnd, Umf. Snæfell, foreldrafélagi grunnskóla, nemendaráði grunnskóla, Heilsugæslustöð, lögreglu, grunnskóla, leikskóla og fulltrúa bæjarstjórnar sem muni boða til fyrsta fundar.”

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- e) Fyrirspurn kom fram um stofnun foreldraráðs við grunnskólann.
Gunnar greindi frá því að undirbúningur sé á lokastigi og yrði drifið í að klára málið.
- f) Lagt til að næsti fundur verði miðvikudaginn 12. mars þar sem öskudag ber upp á fyrsta miðvikudag í mánuðinum.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign.).